

G J A L D S K R Á

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
Orkugjald	kr.	38.00 á kWst.
12. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
Orkugjald	—	11.40 - —
Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
Verðslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	186.00 á m ² á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	70.00 - — - —
13. Til götulýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
Orkugjald	—	11.40 á kWst.
14. Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
Orkugjald	—	19.00 - —

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli:		
Orkugjald	kr.	8.60 á kWst.
Fastagjald af hverju herbergi	—	768.00 á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m ² eða minna reiknast hálf, en 25 m ² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m ² má reikna með þeirri meðalstærð.		
22. Til matargerðar í gisti- og veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum, enn fremur súgurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
Orkugjald	—	8.60 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31. Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
Orkugjald	kr.	19.00 á kWst.
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungu lægra.		

32. Um afl- og orkumæla:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	2.90 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW	—	29 592.00 á ári
Aflgjald, umfram 2 kW	—	9 864.00 á kw. á ári

Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkun mælist sem meðalálág yfir 15 mín.

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlíð. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlíð 12 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

33. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	—	2.90 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW	—	25 536.00 á ári
Aflgjald, af uppsettum kW í málraun véla umfram 2 kW	—	7 836.00 á kw. á ári

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag, um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	5.16 á kWst.
-----------------	-----	--------------

42. Til húshitunar, roftími $2 \times 1\frac{1}{2}$ klst. á dag. Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	—	2.20 - —
-----------------	---	----------

43. Til húshitunar roftími allt að 15 klst. að degi til. Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	—	1.32 - —
-----------------	---	----------

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra nliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til. Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	—	2.58 - —
-----------------	---	----------

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunar-tækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að aflnotkun hitunar sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.

- b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
 c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.
 d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni kr. 614.00 á ári
2. Af þrifasa kWst.-mælum 50 A og minni — 1 382.00 á ári
3. Af þrifasa kWst.-mælum yfir 50 og til 100 A — 1 550.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur	Heimtaugargjald	Yfirlengdargjald	
Málraun	kr.	Jarðstr. kr/m	Lofl. kr/stólpa
63 A 1-fasa	37 000.00	1 210.00	15 400.00
63 A 3-fasa	47 880.00	1 400.00	18 800.00
100 A 3-fasa	56 950.00	1 630.00	24 000.00
200 A 3-fasa	91 780.00	2 190.00	
315 A 3-fasa	191 350.00	3 070.00	
300 KVA 3-fasa	267 890.00	Samkv. kostn.	
500 KVA 3-fasa	443 880.00	Samkv. kostn.	
800 KVA 3-fasa	710 500.00	Samkv. kostn.	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitingikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekens notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekens notanda, og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa	kr. 8 000
63 A 3-fasa	— 11 000

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaði. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 5 420.00 á ári. Mis- mun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra ársþingum næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, kr. 760.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald, kr. 760.00 til rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlaga- og verðjöfnunargjald, nema af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi, sbr. og heimild í auglýsingu nr. 67/1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 44 14. febrúar 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.